

Mál nr. 430/2009

M

og

vátryggingafélagið V v/A og vátryggingafélagið VÁ v/B.

Ágreiningur um tjón skv. 1.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 4. desember 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 21. desember 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélagsins VÁ til nefndarinnar dags. 14. desember 2009.

Málsatvik.

M var ökumaður bifreiðar sem ekið var aftan á þann 31. mars 2005. Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning frá ökumönnum þar sem koma ekki fram upplýsingar um slys á fólki. Nokkur læknisvottorð hafa verið lögð fram auk yfirlits yfir kostnað sem greiddur var vegna viðgerðar á bifreið M sem skemmdist í árekstrinum.

M telur að þau líkamlegu óþægindi sem hún á við að stríða í dag séu rakin til aftanákeyrslunnar þann 31. mars 2005 og vísar til gagna málsins því til stuðnings auk þess sem áreksturinn hafi verið mjög harður. V telur að ósannað sé að orsakatengsl séu á milli árekstursins og þeirra einkenna sem M á við að stríða. Fyrst og fremst vísar V til þess að M hafi ekki leitað læknis fyrr en í september 2005 auk þess sem áreksturinn hafi verið mjög vægur með vísan til lágs viðgerðarkostnaðar á bíl M eftir tjónið. Aðkoma VÁ að málinu telst ekki skipta máli þar sem ekki er ágreiningur um ábyrgð eiganda A vegna árekstursins.

Álit.

Álitaefni málsins er hvort sannað sé að M hafi hlotið líkamstjón við árekstur þann 31. mars 2005. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að tjónþoli sýni fram á umfang tjóns síns. Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn frá þeim aðilum sem komið hafa að meðferð M en fyrstu staðfestu upplýsingar um að hún hafi leitað læknis eru þann 17. september 2005 þegar hún leitaði til Boga Jónssonar. Í hans vottorði kemur sérstaklega fram að hann þekki ekki hennar fyrri heilsufarssögu. Læknisvottorð heilsugæslu ber ekki með sér nákvæmar upplýsingar um fyrra heilsufar auk þess sem vísað er til slyss árið 2004 en ekki árið 2005. Í málinu liggja því ekki fyrir staðfestar upplýsingar um fyrra heilsufar M sem nauðsynlegar eru til að meta hvort orsakatengsl geti verið milli einkenna M nú og áreksturs 31. mars 2005. Það er sérlega mikilvægt að þau gögn liggja fyrir með hliðsjón af því að M leitaði ekki sannanlega til læknis vegna einkenna sem hún tengir nú árekstrinum fyrr en í september 2005. Með vísan til þessa telst ósannað að M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn 31. mars 2005 eða að orsakatengsl séu milli líkamslegs ástands hennar í dag og þess atburðar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A.

Reykjavík 5. janúar 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.